

Ed.

828. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka og breytingu á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi.

Frumvarp þetta er loks aftur komið úr háttv. neðri deild, eftir að hafa gengið gegnum hreinsunareld hennar, og hefir þar orðið fyrir nokkrum breytingum. Verða sumar breytingarnar að teljast til bóta, en aðrar til skemdar. Mun verða gerð grein fyrir í framhalds-framsögu, hvernig þessum breytingum er háttað.

Eftir atvikum, vill nefndin ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það nú er orðið.

Efri deild Alþingis 8. sept. 1915.

Jósef Björnsson,
form.

Björn Þorláksson,
skrif. og framsögum.

G. Björnson.

Karl Einarsson.

M. Pjetursson.